

Velferðarnefnd
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 6. nóvember 2023

Efni: Frumvarp til laga um félagafrelsi á vinnumarkaði (mál nr. 313).

Viðskiptaráð hefur tekið til umsagnar frumvarp um félagafrelsi á vinnumarkaði. Ráðið hefur áður tekið umrætt frumvarp til umsagnar og vísar til umsagnar ráðsins dags. 6. desember 2022 við mál nr. 24 á 153. lögjafarþingi.

Markmið frumvarpsins er að leggja bann við forgangsréttarákvæðum í kjarasamningum, vernda rétt launþega til að standa utan verkfalla stéttarféлага sem þeir tilheyra ekki og afnema skyldu þeirra til að greiða félagsgjöld til stéttarféлага sem þeir eiga ekki aðild að. Viðskiptaráð styður frumvarpið eindregið og telur nauðsynlegt að gera breytingar á gildandi lögum. Ráðið vill ítreka eftirfarandi athugasemdir:

- Tryggja þarf félagafrelsi á vinnumarkaði í framkvæmd.
- Líta ætti til norrænna fyrirmýnda
- Greiðslu- og verkfallsskylda án aðildar vegur að féлага- og atvinnufrelsi
- Íslandi ber að uppfylla alþjóðlegar skyldur sínar

Viðskiptaráð telur mikilvægt að félagafrelsi verði eflt á vinnumarkaði. Rétturinn til að standa innan og utan féлага er grundvallarréttur í lýðræðislegu stjórnskipulagi og verndaður með 74. gr. stjórnarskrár Íslands nr. 33/1944. Ákvæðið kveður á um að engan megi skylda til aðildar að félagi, en með lögum megi þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmætu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra.

Mannréttindasáttmáli Evrópu (MSE) kveður einnig á um félagafrelsi í 11. gr. samningsins sem tengist með beinum hætti tjáningarfrelsisákvæði 10. gr. MSE og eftir atvikum skoðana- og trúfrelsisákvæði 9. gr. MSE, þar sem félög kunna að hafa ýmis stefnumál sem geta verið andstæð sannfæringu einstaklinga.

Þrátt fyrir fyrrgreind grundvallarákvæði er réttur til þess að standa utan stéttarféлага verulega takmarkaður vegna forgangsréttarákvæða sem hafa lengi tíðkast í kjarasamningum hér á landi. Ákvæðin fela í sér þvingun gagnvart launþegum með þeim hætti að þeir félagsmenn sem eru aðilar að viðkomandi stéttarfélagi hljóta forgang í störf umfram þá sem standa utan þeirra. Þegar launþegi kys þannig að standa utan stéttarfélags og honum er af þeim sökum neitað um starf þar sem aðrir félagsbundnir launþegar njóta forgangs er honum í raun gert ókleift að standa utan stéttarfélags.

Í nágrannaríkjum okkar tíðkast forgangsréttarákvæði ekki þar sem dómstólar hafa komist að þeirri niðurstöðu að þau stríði gegn mannréttindum og alþjóðlegum skuldbindingum. Í

kjölfar dóms Mannréttindadómstóls Evrópu *Sörensen og Rasmussen* sem minnst er á í greinargerð með frumvarpi þessu, samþykktu Danir til að mynda lög um félagafrelsi sem banna aðildarskylduákvæði og forgangsréttarákvæði þar sem sú ályktun var dregin af dómnum að þetta tvennt yrði lagt að jöfnu.

Viðskiptaráð telur líkt og nágrannalönd okkar að greiðsluskylda þeirra sem standa utan stéttarféлага stangist á við 9., 10. og 11. gr. MSE því með umræddri skyldu sé þeim gert að styðja félag sem þau að öllu jöfnu mundu ekki vilja tengjast né styrkja. Í öllu falli ætti umrædd greiðsla að vera háð samþykki launþega. Samkvæmt núverandi löggjöf eru þau sem standa utan stéttarféлага jafnframt þvinguð til þátttöku í vinnustöðvunum félags sem þau eiga ekki aðild að þrátt fyrir að eiga ekki rétt á greiðslum úr verkfallssjóðum, verður að telja að þetta fyrirkomulag fela í sér aðför að féлага- og atvinnufrelsi launafólks.

Líkt og áður hefur komið fram telur Viðskiptaráð að forgangsréttarákvæðin gangi gegn þeim réttindum sem eru varin af stjórnarskrá og Mannréttindasáttmála Evrópu. Þessu til viðbótar hefur Evrópunefnd um félagsleg réttindi ítrekað gagnrýnt Ísland í ályktunum sínum fyrir að láta forgangsréttarákvæði óátalin. Í ályktunum frá 1998, 2010, 2014 og 2018 taldi nefndin að íslenska ríkið uppfyllti ekki skyldur sínar skv. 5. gr. Félagsmálasáttmála Evrópu vegna þess að forgangsréttarákvæði séu viðurkennd í framkvæmd hér á landi en slíkt brjóti í bága við rétt manna til þess að standa utan stéttarféлага.

Viðskiptaráð telur ólíkt verkalýðshreyfingunni að breytingarnar styrki stöðu launþega, leggi auknar skyldur á atvinnurekendur og tryggji öllu launafólki sjúkratryggingar óháð stéttarfélagsaðild. Stéttarfélög ættu að fagna því að launþegum verði tryggð stjórnarskrárbundin mannréttindi og með frumvarpinu sé aðeins verið að leggja til að félagsmenn stéttarféлага séu það af fúsum og frjálsum vilja. Þá telur Viðskiptaráð að frumvarpið ætti ekki að leiða til þess að stór hluti launafólks telji hagsmunum sínum betur borgið utan stéttarfélags en innan þess. Í þessu samhengi er rétt að benda á að fyrirmynd frumvarpsins eru dönsk lög um félagafrelsi á vinnumarkaði og stéttarfélagsaðild í Danmörku er næstmest innan OECD ríkja, á eftir Íslandi.

Stjórnvöld eiga að tryggja launþegum þau sjálfsögðu réttindi að taka sjálfir ákvarðanir um eigin hagsmuni, hvorki atvinnurekendur né launþegahreyfingin eiga að taka fram fyrir hendurnar á fólki í þeim efnum. Aðild að stéttarfélagi ætti alltaf að vera háð skýru og ótvíræðu samþykki einstaklings og atvinnurekendur eiga ekki að geta mismunað fólki á grundvelli stéttarfélagsaðildar. Því þarf að styrkja stöðu launþega hvað þetta varðar og um leið tryggja að félagafrelsisákvæði 74. gr. stjórnarskrár, 11. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu og 5. gr. félagsmálasáttmála Evrópu séu virt í framkvæmd.

Viðskiptaráð styður að frumvarpið verði samþykkt en áskilur sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

María Guðjónsdóttir
Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands